



Hreppsnefnd 03.04.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 3. apríl 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16:00

Mætt til fundar: Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórdís Þorbergsdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 13. mars sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 13. mars sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.
2. mál Fundargerð menningarmálanefndar frá 18. mars sl.
Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. mál Fundargerð hafnarnefndar frá 27. mars sl.
Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 27. mars sl.
Lögð fram til kynningar.
4. mál Drög að samningum um vatnsréttindi.
Lögð fram drög, dags. í apríl 2008, að nýjum samningum um greiðslu fyrir vatnsréttindi í Svínabakkafjalli, ásamt samkomulgi um afgirt land vegna vatnsveitu.
Einnig voru eldri samningar kynntir og gerð grein fyrir því hvernig samningagreiðslur hækka milli samninga.
Vék Björn Halldórsson af fundi undir þessum lið.
- Nokkur umræða fór fram um málið þar sem hreppsnefndarmenn lýstu skoðunum sínum.
Því næst var lögð fram svofelld tillaga: "Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga frá og undirrita nýja samninga um vatnsréttindi í Svínabakkafjalli á grundvelli fyrirliggjandi samnings draga".
Fyrirliggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða með 6 atkvæðum.
5. mál Lánasjóður sveitarfélaga, aðalfundur, sem haldinn verður í tengslum við landsþing Sambands Ísl. Sveitarfélaga.
Lagt fram bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 11. mars sl., varðandi aðalfund sjóðsins sem haldinn verður föstudaginn 4. apríl n. k. í tengslum við landsþing Sambands sveitarfélaga. Fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á Landsþinginu mun sækja aðalfund sjóðsins.
6. mál. Varasjóður húsnæðismála, bréf dags. 27. mars sl. varðandi rekstrarframlag.
Lagt fram bréf frá Varasjóði íbúðalána, dags. 27. mars sl., þar sem greint er frá því að fengist hefur rekstrarframlag úr sjóðnum vegna félagslegra íbúða. Framlagið er veitt á grundvelli umsóknar sveitarfélagsins Gerði sveitarstjóri nánar grein fyrir málinu.
7. mál. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 28. mars sl. varðandi matsskyldu Norðausturvegar.
Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun dags. 28. mars sl., varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Nánari grein gerð fyrir erindinu og því síðan vísað til skipulags- og bygginganefndar.

8. mál. Norðausturnefndin, staða mála.

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra SSA þar sem hann greinir frá stöðu mála varðandi vinnu Norðausturnefndarinnar. Bréfið er lagt fram til kynningar.

9. mál. Drög að samningi vegna Drekasvæðis

Lögð fram drög að samstarfssamningi milli Drekasvæðisins ehf. annars vegar og hins vegar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Þróunarfélags Austurlands um ráðningu verkefnastjóra og verkefnatjörn.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi samningi. Fram kom sú skoðun að stigið yrði varlega til jarðar viðvíkjandi fjárútlát þó verkefnið sé almennt álitð geta gefið möguleika til framtíðar.

Hreppsnefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leyti..

10. mál. Vegagerðin, hugsanleg samvinna - samstarfssamningur.

Lagt fram minnisblað frá fundi fulltrúa Vopnafjarðarhepps, Vegagerðar og samgönguráðuneytisins frá 1. apríl sl.

Jafnframt var kynnt samningsform, þar sem fram koma hugmyndir að samningi milli aðila og hvernig verkefni og þjónusta eru skilgreind.

Lögð fram svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd samþykkir að í samvinnu við Vegagerðina verði stillt upp samningsdrögum að samstarfssamningi milli Vegagerðarinnar og Vopnafjarðarhepps og á grundvelli hans verði síðan tekin endanleg ákvörðun“.

Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi gögn og hugmyndir þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Fundarmenn voru almennt jákvæðir til hugmyndarinnar og var fyrirbyggjandi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

11. mál Samningur um kaup á reykofni, vegna loðnuverkefnis.

Lagður fram samningur um kaup á reykofni vegna loðnuverkefnis. Samningurinn er í upphafi gerður milli hafnarsjóðs Vopnafjarðar og Cabinplant í Danmörku. Nánari grein gerð fyrir málinu þar sem fram kom að prufur yrðu unnar um leið og ofninn er uppsettur.

Hreppsnefnd samþykkir samninginn samhljóða fyrir sitt leyti .

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:20.